

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/44/06

frá 21. apríl 2005

um öryggiskröfur sem Evrópustaðlar um fljótandi hluti til notkunar í tómstundum á eða í vatni
þurfa að uppfylla samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 1209)

(2005/323/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2001/95/EB er mælt fyrir um skyldu framleiðenda til að setja einungis öruggar vörur á markað.
- 2) Samkvæmt tilskipuninni skal gengið út frá að vara sé örugg, að því er varðar þá áhættu og áhættuflokka sem falla undir viðeigandi landsstaðla, ef hún er í samræmi við valfrjálsa landsstaðla sem settir hafa verið til lögleiðingar Evrópustöðlum.
- 3) Samkvæmt tilskipun 2001/95/EB skulu evrópskar staðlastofnanir koma á Evrópustöðlum. Staðlarnir skulu tryggja að vörur uppfylli almennar öryggiskröfur tilskipunarinnar.
- 4) Í nánu samstarfi við evrópskar staðlastofnanir og að höfðu samráði við hagsmunaaðila hafa aðildarríkin og framkvæmdastjórnin tilgreint fljótandi hluti til notkunar í tómstundum á eða í vatni sem vöruflokk sem setja skal Evrópustaðla um á grundvelli umboðs sem framkvæmdastjórnin veitir samkvæmt tilskipun 2001/95/EB. Undir þá fljótandi hluti til notkunar í tómstundum, sem tilgreindir eru, falla ekki fljótandi hlutir sem falla undir tilskipun ráðsins 88/378/EBE ⁽²⁾ um öryggi leikfanga, tilskipun ráðsins 89/686/EBE ⁽³⁾ um persónuhlífar og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB ⁽⁴⁾ um skemmtibáta.

5) Setja skal öryggiskröfur um þessar vörur á grundvelli samráðs og viðræðna við yfirvöld í aðildarríkjunum.

6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vörur og skilgreining á þeim

Þessi ákvörðun gildir um fljótandi hluti, til notkunar í tómstundum á eða í vatni, sem lýst er í I. hluta viðaukans og falla ekki undir neina löggjöf ESB um vörur. Einkum eru undanskildar ákvörðun þessari fljótandi hlutir, til notkunar í tómstundum, sem falla undir tilskipun 88/378/EBE, tilskipun 89/686/EBE og tilskipun 94/25/EB.

2. gr.

Öryggiskröfur

Öryggiskröfurnar varðandi vörurnar, sem um getur í 1. gr., eru settar fram í II. hluta viðaukans.

3. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. apríl 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 104, 23.4.2005, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 17, 30.3.2006, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 187, 16.7.1988, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE (Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

VIÐAUKI

Öryggiskröfur varðandi fljótandi hluti til notkunar í tómstundum á eða í vatni

I. HLUTI

Skilgreining á vöru

Þeir fljótandi hlutir, sem falla undir þessa ákvörðun, eru hlutir til notkunar í tómstundum á eða í vatni og er flot þeirra tryggt með uppdrift sem fæst með uppblæstri eða innbyggðum flotefnum. Þessir hlutir, sem eru notaðir á eða í vatni til tómstundaiðkana, s.s. leikja í vatni, vatnaiþróttu, siglinga á bátum, köfunar og sundnáms, teljast ekki til dæmigerðra og hefðbundinna framleiðsluvara á því sviði og falla ekki undir neina aðra löggjöf ESB um vörur. Sumar þessara vara hafa verið á markaði í Evrópu árum saman en aðrar eru nýjar, auk þess sem nýjar vörur eru stöðugt að koma á markaðinn.

Flestar þessara vara eru að hluta til breyttar, hefðbundnar grunnvörur eða upprunnar úr þeim og hafa verið þróaðar frekar. Æ oftast er um að ræða leiktæki til notkunar á landi sem er breytt þannig að þau megi nota á vatni.

Markmiðið með þessum nýju vörum er að veita meiri ánægju og skemmtun en einnig að auka hraða, fjör og spennu með nýjum, ævintýrlegum íþróttum og leikjum á borð við slöngu- og flúðasiglingar.

Undanskildir ákvörðun þessari eru fljótandi hlutir, til notkunar í tómstundum, sem falla undir tilskipun 88/378/EBE um öryggi leikfanga, tilskipun 89/686/EBE um persónuhlífar og tilskipun 94/25/EB um skemmtibáta.

Fljótandi hlutir, sem falla undir þessa ákvörðun, skulu flokkaðir með eftirfarandi hætti eftir fyrirhugaðri notkun, tegund knúningsbúnaðar og hönnun:

A flokkur: Fljótandi hlutir ætlaðir til kyrrstöðunotkunar á eða í vatni. Notandi er á flotvirkinu. Ætlaðir jafnt til einkanota sem sameiginlegra nota, einkum óvirkra nota. Að öllu jöfnu ekki vélknúnir. Tækin geta verið hönnuð á þann veg að þau haldist stöðug á floti eða þannig að notandinn sjái um að þau haldi jafnvægi.

Hlutir sem eru ætlaðir til hlífðar og falla undir tilskipun 89/686/EBE eru undanskildir. Á sama hátt eru þeir hlutir undanskildir sem eru hannaðir eða greinilega ætlaðir til einstaklingsbundinna nota barna að leik í grunnu vatni og falla undir tilskipun 88/378/EBE.

B flokkur: Fljótandi hlutir sem ætlaðir eru til kyrrstöðunotkunar. Notandinn er inni í flotvirki sem umlykur líkama hans (fremur þröngt). Á tækjunum getur verið festibúnaður fyrir líkamann en einnig kann að vera gert ráð fyrir að notandinn haldi sér með örmum og höndum. Festibúnaður fyrir líkamann getur verið innfellt sæti, belti eða annar festibúnaður þar sem líkamsstaða skiptir ekki máli (sitjandi, standandi, liggjandi, krjúpandi o.s.frv.). Líkami notandans er að meira eða minna leyti í vatni. Að öllu jöfnu stendur efri hlutinn (ofan kviðar) upp úr vatninu. Ætlaðir jafnt til einkanota sem sameiginlegra nota. Að öllu jöfnu ekki vélknúnir.

Hlutir, sem eru ætlaðir til hlífðar og falla undir tilskipun 89/686/EBE, eru undanskildir. Á sama hátt eru þeir hlutir undanskildir sem eru hannaðir eða greinilega ætlaðir til einstaklingsnota barna að leik í grunnu vatni og falla undir tilskipun 88/378/EBE.

C flokkur: Fljótandi hlutir ætlaðir til hreyfnotkunar, þ.e. notkunar á miklum hraða. Notandi er á flotvirkinu eða inni í því. Stjórnklefi, sæti eða annar búnaður kann að vera fyrir hendi sem veitir notandanum festu. Tækið er dregið af utanaðkomandi knúningsbúnaði. Notandinn þarf að sjá um að tækið haldist stöðugt meðan það flýtur og fylgi dráttartækinu með öruggum hætti.

D flokkur: Fljótandi hlutir til virkrar notkunar, þ.e. klífurs, stökks og hvers kyns tengdra íþróttu og leikja. Engin sérstök staðsetning notanda. Ætlaðir jafnt til einkanota sem sameiginlegra nota. Að öllu jöfnu ekki vélknúnir. Hlutir sem eru ætlaðir til hlífðar og falla undir tilskipun 89/686/EBE eru undanskildir. Á sama hátt eru þeir hlutir undanskildir sem eru hannaðir eða greinilega ætlaðir til einstaklingsnota barna að leik í grunnu vatni og falla undir tilskipun 88/378/EBE.

E flokkur: Uppbláanlegir bátar með minni uppdrift en 1800 N og skrokk sem er lengri en 1,2 m og styttri en 2,5 m, mældir samkvæmt víðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir íþróttu- og tómstundaiðkun eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun 94/25/EB. Einkanot og sameiginleg not. Notandi er inni í flotvirkinu (breiður stjórnklefi).

II. HLUTI

A. Hættur

Helsta hættan í sambandi við þessar vörur er sú að slys eigi sér stað þar sem fólk drukknar eða er næstum drukknáð.

Aðrar hættur, sem tengjast þessum vörum og geta einnig valdið áverkum, misjafnlega alvarlegum, eru m.a. þær sem tengjast hönnun varanna, s.s. hættan á að reka, missa tak, falla úr mikilli hæð, lenda í sjálfheldu eða flækju á eða undir yfirborði vatns, missa skyndilega uppdrift, hvolfða og verða fyrir áfalli vegna kulda, en einnig þær sem tengjast notkun þeirra, s.s. hættan á árekstrum og höggum, og hætta í tengslum við vinda, strauma og sjávarföll.

B. Almenn öryggiskrafa

Vörurnar skulu uppfylla almenna öryggiskröfu sem um getur í tilskipun 2001/95/EB og vera „öruggar“ í skilningi b-liðar 2. gr. tilskipunarinnar.

C. Sértaekar öryggiskröfur

Til framkvæmdar almennu öryggiskröfunni, sem um getur í tilskipun 2001/95/EB, skal eftirfarandi a.m.k. vera meðal þess sem tekið er tillit til:

C.1. Kröfur um hönnun vörunnar

Meiri áherslu skal leggja á að ná fram öryggi með hönnun en með leiðbeiningum. Efni og handbragð skal vera samkvæmt nýjustu tækni og taka tillit til væntanlegrar notkunar hlutanna og hugsanlegra afleiðinga fyrir heilsu notenda og umhverfið.

Tekið skal a.m.k. tillit til eftirfarandi:

- a) flotstöðugleika í samræmi við fyrirhugaða og fyrirsjáanlega notkun,
- b) lágmarksuppdriftar og þegar um er að ræða uppblásanlega hluti, afgangsuppdriftar ef eitt lofthólf bílar. Auk þess haldist áframhaldandi virkni þar sem hún á við og einkum þar sem sameiginleg not eru fyrirhuguð eða líkleg,
- c) möguleika á að halda sér meðan á notkun stendur, auðveldrar handfestu,
- d) að undankoma sé auðveld ef tækinu hvolfir og að líkamshlutar festist ekki eða flækist í einhverju,
- e) að auðvelt sé að komast aftur um borð, einkum ef tækið er ætlað til sameiginlegra nota, og að hægt sé að ná handfestu í vatni í neyðartilfellum,
- f) að traustur, fljótvirkur sleppibúnaður sé til staðar fyrir tæki sem fara (eru dregin) á miklum hraða.

C.2. Viðvaranir og upplýsingar er varða aðgætni við notkun vörunnar

Framsetning vörunnar og mynd af henni, áberandi og skýrar merkingar og allar viðvaranir og notkunarleiðbeiningar skulu vera fullkomlega samfelldar, skýrar og auðskiljanlegar fyrir neytandann og ekki gera lítið úr áhættu fyrir hugsanlega notendur, einkum börn.

Merkingar (þ.m.t. skýringarmyndir), sem tengjast viðvörnum eða viðeigandi stærðarviðmiðunum, skulu vera sjáanlegar meðan á notkun stendur. Skýringarmyndum, sem tengjast beint mjög alvarlegum hættum, skal fylgja tilheyrandi texti. Nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika og takmarkanir vörunnar skulu vera settar þannig fram að hugsanlegur notandi sé upplýstur um hvort tveggja áður varan er keypt. Gæta skal sérstaklega að upplýsingum um hættur fyrir börn. A.m.k. skal tekið tillit til eftirfarandi:

- a) Allra nauðsynlegra takmarkana á notkun, t.d. varðandi: fjölda notenda, heildarþyngd, hættur í tengslum við vinda, strauma og sjávarföll, nákvæmar forskriftir um fjarlægð frá landi, hæð, hraða og samspil við aðrar vörur eða hluti ef nokkuð fyrirsjáanlegt er að varan verði notuð með öðrum vörum eða í grennd við hættulega hluti (öryggisfjarlægð), auk þess sem hafa skal í huga fyrirsjáanlega misnotkun á vörunni.
- b) Á öllum vörum skal standa viðvörnunin „ATHUGIÐ: Veitir enga vörn gegn drukknun. Einungis fyrir synda!“
- c) Mælt sé með notkun viðeigandi persónuhlífa, þar sem það á við, til að koma í veg fyrir drukknun og verjast höggum.
- d) Leiðbeininga um uppblásturs- og lofþrýstingsskilyrði, viðhald, viðgerðir, geymslu og förgun með tilliti til sérstakra eiginleika varanna og notkunar þeirra, aðstæðna við endurtekna notkun á löngum tíma og eðlilegs slits með árunum.
- e) Á vörum, sem ætlaðar eru hópum neytenda sem eru í hættu þegar þeir nota þær, einkum börnum, ósyndu fólki og í sumum tilvikum eldra fólki, verður að vera sérstök viðvörnun.